



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Vinagerði

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Gleði, Hvatning, Nærgætni .....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2 Innra mat .....	6
2.1 Innra mat Drekagerðis .....	6
2.2 Innra mat Álfagerðis .....	7
2.3 Innra mat Tröllagerðis .....	8
3 Ytra mat .....	9
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	11
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	11
6 Foreldrasamvinna .....	12
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	13
8 Fylgigögn .....	14
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning .....	14
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku .....	16
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	17



## Leiðarljós leikskólans: Gleði, Hvatning, Nærgætni

GLEÐI gerum hvern dag að degi gleðinnar.

HVATNING hrós, viðurkenning og traust

NÆRGÆTNI umhyggja, virðing og samkennd.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði með nokkurri undirmönnum og mikið af nýju starfsfólki. Við höldum samt aðlögun á fyrirfram ákveðnum tíma og tóku stjórnendur fullan þátt í aðlögun barnanna. Starfmannastöðugleiki er nokkur en einnig er mikið um breytingar þar sem fólk er að ráða sig til skamms tíma og þá þarf að ráða í þau störf. Það er stöðugt verkefni að láta hlutina ganga upp og spiluðu fjarvistir og veikindi starfsmanna þar inn í. Margir starfsmenn hafa hér góða reynslu svo þeir gátu stutt við þá sem voru nýir en tíminn sem fer í að þjálfar fólk er oftast tekinn frá börnunum. Það hefur tekið tíma að samræma gamlar áherslur og nýjar og er sú vinna enn í gangi. Það gengur samt vel og starfsfólk vinnur vel saman og hefur samstarf á milli deilda aukist til muna í vetur.

Erfiðlega gekk að ráða í sérkennslu og hafa verið miklar mannabreytingar í þeim stöðum í vetur. Nýr sérkennslustjóri byrjaði strax um haustið og hélt vel utan um sérkennslumálin. Meiri stöðugleiki var eftir áramót en útséð er með að allir starfsmenn sem sinna sérkennslu eru að fara í nám eða önnur störf í haust einnig sérkennslustjórinn.

Í vor fengum við þrjá leikskólakennaranema frá Menntavísindasviði sem er alltaf gefandi og skemmtilegt. Þau voru hjá okkur í þrjár vikur og unnu ýmis verkefni.

Við fengum heimsóknir frá öðrum leikskólum bæði hópa og einstaklinga sem alltaf er gaman að taka á móti og kynna starfið.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð og var mikil ánægja meðal barna, starfsfólks og foreldra.

Í haust vorum við í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur þar sem elstu börnin fóru í fimm skipti og unnu ýmis verkefni og voru svo með sýningu í leikskólanum fyrir foreldra og aðra aðstandendur.

Samstarf við Víking íþróttafélag hélt áfram og fóru öll börn af elstu deild vikulega í hreyfistund í íþróttahús Víkings.



Síðasta vetur var innleiðingarár í Leikur að læra en sú aðferð gengur út á að kennslan fer fram í gegn um leiki og hreyfingu á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Þetta var einstaklega vel heppnað og skemmtilegt og ætlum við að halda áfram að vinna með þetta efni. Mikill áhugi var hjá börnunum og nú í vor eru nokkur börn í útskriftarhóp orðin læs eða langt komin í gegn um leik og vinnu með þetta efni. Hljóm2 kom mjög vel út og þau börn sem skoruðu lágt að hausti tóku miklum framförum fram á vor. Foreldrar voru mjög ánægðir og fannst börnin taka hröðum framförum í læsi og stærðfræði. Yngri börnin unnu meira með form, liti og myndir. Við notuðum Leikur að læra bæði inni og í útinámi.

Við fengum námskeið strax í haust um Leikur að læra og sóttum einnig ráðstefnu í þeim fræðum í október.

Við fengum til okkar góða gesti með fræðslu um ýmis mál. Emilía Rafnsdóttir kom og vann með öllum deildum og fór yfir læsi og fjölbreyttar aðferðir í vinnu með börnum. Ásdís Olga Sigurðardóttir og Kristín Hildur Ólafsdóttir komu og voru með fyrirlestur um innra mat í leikskólum. Saga Stephensen kom og talaði um fjölbreytta kennsluhætti, heimamenningu og heimamál auk þess sem hún talaði um Gefðu 10 sem við höfðum þegar tekið í notkun. Ellen Jacqueline Calmon kom og hélt fyrirlestur um barnasáttmálann og stjórnaði umræðum um hann.

Heimasíðan var uppfærð í vor en enn á eftir að laga betur til á henni og setja inn nýtt efni og taka annað út sem ekki á lengur við.

Ekki hefur gefist nægur tími til að yfirfara handbækur og áætlanir eins og áætlað var nema að litlu leyti og stendur sú vinna yfir meðfram öðru.

Mikil ánægja foreldra er með starfið í Vinagerði eins og kemur skýrt fram í foreldrakönnun sem kom mjög vel út.

Starfsmannakönnunin kom vel út og er starfsánægja mikil. Það hefur tekist að mestu að tengja saman gamlar og nýjar áherslur.

Í dag starfar metnaðarfullur og áhugasamur hópur í Vinagerði og ekki er útlit fyrir að við þurfum að ráða marga í haust þó reynslan sýni að margt getur breyst á stuttum tíma.



## 2 Innra mat

### 2.1 Innra mat Drekkagerðis

Umbótaþættir Drekkagerðis	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Leikur að læra</b>	Að styrkja betur við starfsfólkið svo allir geti tekið þátt. Starfsfólkið var mjög óörugg með efnið þrátt fyrir námskeið og leiðsögn.	Að byrja að nota meira kennslubækurnar sem fylgja efninu og skipta börnunum eftir getu þetta auðveldar starfsfólkinu að velja efni.	Strax eftir að börnin eruð búin að aðlagast á deildinni.	Deildarstjórinn, rýnihópar sem bera ábyrgð og starfsfólk sem hefur mestan áhuga framkvæmir.	Rýnihópar, einn fyrir yngri deildar og einn fyrir eldri deildar fylgjast með hvernig verkefnið gengur.	Að allt starfsfólk og börn fá betur notið sín í LAL tíma
<b>Fjölmening</b>	Að bæta inn 10 mín. Reglunni og vinna með hana. Að kynna betur löndin sem börnin eru frá.	Að byrja að fylla daglega út skráningarblaðið fyrir 10 mín. regluna. Gefðu 10. Gera meira sýnilega fjölmeningu inn á deild.	Strax eftir að börnin eruð búin að aðlagast á deildinni.	Deildarstjórinn, allt starfsfólk á deildinni	Veturinn 2020 Samskipta-hringurinn	Að fjöltýngd börn fá meiri sjálfstraust í samskiptum við jafnaldra og fullorðna.
<b>Sjálfsþing</b>	Að byggja upp sterka sjálfsmýnd og trú á eigin getu.	Að byrja að æfa tilfinningastjórn og sjálfstílu með klípu sögum.	Strax eftir börnin eruð búin að aðlagast á deildinni og skipta börnunum eftir getu.	Deildarstjórinn, allt starfsfólk á deildinni.	Veturinn 2020 Könnunarlisti. Skólatengsl.	Meta Skólatengsl og Tengslariti-Sociogram) Að öll börn séu jafnvelkomin í barnahópin



## 2.2 Innra mat Álfagerðis

Umbótaþættir Álfagerði	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Leikur að læra</b>	Að blanda saman lærdómi og leik og að allt starfsfólk taki þátt.	Kenna þolinmæði, samvinnu, lífsreglur og félagsfærni. Áhersla á tölur (1-10) og bókstafi og tengja liti og form.	3 mánuðir á vorönn (febrúar, mars og apríl) og 3 á haustönn (september, október og nóvember).	Deildarstjóri teymið framkvæmir	Endurgjöf frá börnunum í daglegum athöfnum. Deildarfundir og undirbúningstímar.	Kenna að telja frá 1-10, þekkja bókstafinn sinn og að geta tengt hann við önnur orð og að þekkja liti og form
<b>Sjálfsæfling</b>	Læra texta, taka þátt í söng, sköpun, vera hluti af leik barnanna, hvetja til samvinnu og sjálfstæði og stuðla að vellíðan barna.	Gefðu 10. Búa til töflu og merkja við. Daglegar athafnir með börnunum.	Allan ársins hring.	Stjórnendur og allir aðrir sem koma að börnunum.	Starfsdagar, deildarfundir.	Börn læri sjálfstæði, sköpun og samvinnu-þýði og að þeim líði sem best.
<b>Samstarf starfsmanna</b>	Góð samvinna, opin samskipti, góður starfsandi, jákvæðni og opin fyrir gagnrýni.	Ræða saman ef upp koma vandamál og deildarfundir	Allan ársins hring	Deildarstjóri.	Deildarfundira þra hvora viku.	Að öllum líði vel og geti rætt málin. Skipulag og að allir fari eftir því eftir bestu getu.



## 2.3 Innra mat Tröllagerðis

Umbótaþættir Tröllagerði	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni-hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Sjálfsfelling</b>	Að efla sjálfstjórn barna	Setja börnum skýr mörk í hegðun og félagslegum samskiptum.	Sept. '19 – sept. '20	Allir starfsmenn deildarinnar.	Á deildarfundum og í endurmati maí 2020.	Að börnin hlusti og fari eftir fyrirmælum.
	Að börn hafi trú á eigin getu	Hvetja börnin til að gera hluti sjálf og að þau fái að velja þegar kostur er á.	Sept. '19 – sept. '20	Allir starfsmenn deildarinnar.	Á deildarfundum og í endurmati maí 2020.	Að börn fái tækifæri til að gera hluti sjálf og fái að velja þegar það er í boði. Upplifi gleði yfir eigin getu.
<b>Fjölmennning</b>	Að efla málproska tvítyngdra barna	Nota <i>Gefðu 10</i> markvisst	Allt árið	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundum. Skráningarblað TRAS.	Að börnin læri og noti íslensku.





### 3 Ytra mat

Skóla og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmanna sem skilað var í apríl. Tilgangur könnunarinnar var að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá. Þessar niðurstöður nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum. Könnunin var í formi spurningarlista og rafræn. Könnunin kom vel út og er leikskólinn yfir meðalskori á flestum sviðum. Við þurfum aðeins að taka okkur á í móttöku nýrra starfsmanna. Helstu niðurstöður eru hér fyrir neðan en hæsta gildi er 5.



Skóla og frístundasvið framkvæmdi einnig viðhorfskönnun meðal foreldra sem skilað var um miðjan júní. Tilgangur var að fá fram viðhorf foreldra til leikskólans, daglegs starfs, skipulags, samskipta og upplýsingaflæðis. Foreldrar eru nær allir ánægðir og upplifa vellíðan barns, hlýjar móttökur og gott starf með börnunum. Niðurstöður sína að við erum á flestum stöðum fyrir ofan meðalskor. Helstu niðurstöður eru hér fyrir neðan en hæsta gildi er 5.



Umbótapættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Áreitni fordómar og einelti.</b>	Að engin upplifi áreitni, fordóma eða einelti í Vinagerði.	Fræðsla frá SFS, samræða og heiðarleg samskipti.	Alla daga ársins og alltaf.	Allir starfsmenn Vinagerðis.	Viðhorfskönnun vorið 2020. Umræður á starfsmannafundum.	Að öllum líði vel í Vinagerði.



<b>Móttaka nýrra starfsmanna.</b>	Taka vel á móti nýjum starfsmönnum.	Uppfæra starfsmanna-handbók. Kynning fyrir nýliða í upphafi skólaárs.	2019-2020	Leikskólastjórar og deildarstjórar.	Starfsmannakönnun.	Skora hærra næst en nú.
<b>Þáttaka foreldra í námi barnanna.</b>	Gefa foreldrum meira færi á að koma með hugmyndir og hafa áhrif á nám barna sinna.	Þáttaka foreldra í gerð einstaklings-námsskrár fyrir sitt barn.	2019-2020	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.	Viðhorfskönnun sem leikskólinn sendir út að hausti og vori til foreldra.	Að foreldrar upplifi að þeir fái tækifæri til að hafa áhrif á nám barna sinna.



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru í mars og apríl. Þau gengu almennt vel og er starfsánægja að aukast jafnt og þétt.

21. september var Kristín Einarsdóttir með námskeið í Leikur að læra fyrir allt starfsfólk.

19. október fór allt starfsfólk á ráðstefnu í Leikur að læra.

23. nóvember var Þórhallur Maack með kynningu á nýja tölvukerfinu.

Í nóvember kom Emilía Rafnsdóttir í þrígang frá MML og tók hverja deild í klukkustundar fyrirlestur og umræður um læsi og vinnu með börnum.

21. janúar komu Ásdís Olga Sigurðardóttir og Kristín Hildur Ólafsdóttir með 3klst fræðslu um innra mat í leikskólum.

19. mars kom Saga Stephensen með fyrirlestur um fjölbreytta kennsluhætti, heimamenningu og heimamál. Auk þess sem hún kynnti Gefðu 10 sem er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjölstyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Sama dag kom Ellen Jacqueline Calmon með fyrirlestur fyrir allt starfsfólk um barnasáttmálann og vinnu með börnum.

Deildarstjóri yngstu deildar sótti leiðtogaskóla fyrir deildarstjóra.

Tveir starfsmenn tóku þátt í lærdómssamfélagshópum á vegum MML.

Leikskólastjórar og deildarstjórar fóru á námskeið í félagsfærni og sjálfsefningu sem haldið var í samvinnu við Menntavísindasvið.

Leikskólastjóri og deildarstjóri elstu deildar fóru á ráðstefnu hjá Rannung vegna 30 ára afmælis Barnasáttmálans.

Leikskólastjóri kláraði Forystunám ætlað stjórnendum hjá Reykjavíkurborg auk þess að sitja námskeið um innleiðingu menntastefnu, námskeið í nýrri Völu, námskeið um persónu, öryggis og áhættumat og námskeið um vinnsluskrá.

## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Fundur var haldin að hausti með Breiðagerðisskóla, frístundamiðstöð og tveimur öðrum leikskólum, Jörfa og Garðaborg. Gerð var áætlun fyrir veturinn og var henni fylgt út árið. Í byrjun nóvember komu



1. bekkingar í heimsókn í gamla leikskólann sinn og á degi íslenskrar tungu 16. nóvember komu nemendur úr 7. bekk og lásu fyrir börnin. Í desember var boðið upp á heimsókn á bókasafnið í Breiðagerðisskóla í litlum hópum. Í mars fóru börnin í skólastund með nesti og fóru í frímínútur. Í lok maí kom skólastjóri Breiðagerðisskóla í leikskólann á skilafund með leikskólastjóra og deildarstjóra elstu deildar. Vorskólinn var svo í júní fyrir börnin og kynning fyrir foreldra. Samstarfið gekk mjög vel og mikil ánægja hjá börnum, starfsfólki og foreldrum.

## 6 Foreldrasamvinna

Þátttökuaðlögun er í Vinagerði þar sem foreldrar voru fyrstu 3 dagana að lágmarki með börnum sínum í aðlögun. Þarna gafst gott tækifæri til að kynna foreldrum og þeir að kynna starfsfólki og öðrum foreldrum. Þarna myndaðist traust á milli foreldra og starfsfólks.

Deildarkynningar voru á öllum deildum í haust þar sem farið var yfir áherslur og veittar ýmsar hagnýtar upplýsingar. Kynningarnar voru vel sóttar og almenn ánægja með þær og sýn okkar á starfið.

Héldum opið hús á degi leikskólans 6. febrúar auk þess sem foreldrum var boðið reglulega á sýningar yfir veturinn til að sjá það faglega starf sem var í gangi hverju sinni.

Vikulega senda deildarstjórar póst á alla foreldra með fréttum liðinnar viku, ljósmyndum og skráningum. Við notum forritið Sway og er almenn ánægja með þetta hjá foreldrum og um leið tengir þetta heimili og skóla.

Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á öllum deildum. Stutt spjall að hausti í október og svo ítarlegra viðtal að vori í mars. Við notuðum alltaf túlkþjónustu þar sem við átti.

Í foreldraráði sátu 4 fulltrúar í vetur 3 frá því í fyrra auk þess sem einn nýr bættist við. Lítið var um fundarhöld en mikil og góð samskipti engu að síður.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn seint að hausti og einungis fengust 3 fulltrúar sem eiga heiður skilið fyrir gott starf. Þeir komu að jólaskemmtun, útskriftarferð, gáfu gjafir á deildirnar auk þess sem þeir skipulögðu stórskemmtilega sumarhátíð sem haldin var í lok maí.

Auk þessa var foreldrum boðið í leikskólann í aðventukaffi, feðrum og öfum á bóndadaginn í bóndagraut og mæðrum og ömmum daginn eftir konudaginn. Afar og ömmur fá boð í ömmu og afakaffi. Mæting hefur verið góð á þessa viðburði sem er mjög gaman.



## 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Vinagerði 2019-2020

Föstudaginn 11. október

Þriðjudaginn 19. nóvember (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Mánudaginn 20. janúar (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Föstudaginn 20. mars (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Miðvikudaginn 22. apríl

Föstudaginn 24. apríl

[Leikskóladagatal 2019-2020](#)



## 8 Fylgigögn

### 8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	4	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	16	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	5	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Ekki á blaði, en mikil málörvun unnin á deildum og fræðsla frá MML veturinn 2018-2019 Haust 2019 - 2020
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Haust 2019. Klára þarf áætlun sem er í vinnslu.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já/nei	þarf að setja það inn í deildarfundi -
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir GRR-ÞMLH-
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



Umbótapættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Deildarfundir til upplýsingarmiðlunar til starfsmanna.</b>	Sérkennslustjóri hafi aðgang að deildarfundum einu sinni í mánuði til að ræða sérkennslumál á viðkomandi deild.	Deildir sjá um að leysa hvor aðra af.	Haust 2019. Strax eftir aðlögun.	Sérkennslustj. Deildarstj.	Veita upplýsingar Safna upplýsingum um hegðun á deild o.fl.	Samræður og skráningar eru metnar og gerð áætlun um breytingar.
<b>Upplýsingastreymi innan sérkennslu.</b>	Sérkennslufundur eins og deildarfundur aðra hvora viku.	Deildin tekur við börnunum.	Byrjar haust 2019. Strax eftir aðlögun.	Sérkennslustjóri	Fylgjast með hvort fundir séu að haldast	Önnur hvor vika.
<b>Setja niður áætlun um málörvun.</b>	Gera áætlun fyrir allar deildir um málörvun og hvernig unnið er.	Gerð verður áætlun sem liggur frammi á öllum deildum.	Haustið 2019 og uppfært á hverju hausti eftir það	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildartjórar.	Að vori 2020 með spurningarlista til starfsfólks.	Markviss málörvun á öllum deildum sem unnin er út frá einstaklingsáætlun hvers barns.
<b>Marka stefnu um snemmtæka íhlutun.</b>	Vinna stefnu um snemmtæka íhlutun og hvernig unnið er.	Gerð er áætlun og sú vinna er nú þegar hafin.	Klára fyrir haust 2019	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri.	Að vori 2020 á deildarfundum.	Að öll börn fái örvun við hæfi og öðlist sterka sjálfsmynd og öryggi.
<b>Gera einstaklingsáætlun fyrir öll börn.</b>	Að auka aðkomu foreldra að námi barna sinna.	Nota orðaskil og TRAS	Haust 2019 í fyrsta foreldraviðtali Til vors 2020.	Deildarstjóri	Í endurmati að vori og í foreldraviðtali	Að öll börn fái nám við hæfi.



## 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Þau börn sem eru sein í máli miðað við jafnaldra fá meiri snertingu við málið með málörvun – spila, spjalla, lesa, skoða bækur ofl. á deild og einslega. Börnin hvött til að nota málið í daglegum aðstæðum – með vali á milli hluta og umræðum eftir aldri og getu. Gefðu 10 á öllum deildum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Á Drekkagerði eru verkefni/þema tekin fyrir á deildinni og unnið með orð tengd þemanu hverju sinni. Leikur að læra. Vinna með bókstafi og orð.  Álfagerði: lesa bækur, Leikur að læra. Vinna með bókstafi og orð.  Tröllagerði: vinna markvisst með að leggja orð á athafnir og hluti í umhverfinu og hvetja þau til að nota málið og orðin á viðeigandi hátt í samskiptum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Mikið lesið á öllum deildum og talað um innihald bókanna. Orð sett á athafnir.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Þau börn sem eru með slakan orðaforða – orðaskil  Þau börn sem eru með víðtækari vanda – TRAS
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna?  <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Gefðu 10 notað með öllum börnum.  Lestur bóka, spila, frjáls leikur, samleikur, leikur að læra.  Kynning á heimalandi barnanna verður bætt við næst.





### 8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

## **Starfsáætlun 2019 – 2020**

### **Leikskólinn Vinagerði**

## **Umsögn foreldraráðs**

### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Gyða Gunnarsdóttir**

**Kristín Anna Tryggvadóttir**

**Stefanía Fanney Jökulsdóttir**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

Starfið í Vinagerði ber þess merki að þar starfar fólk með mikinn metnað fyrir starfi sínu og áhuga á að börnunum líði vel í leikskólanum. Sést þetta vel á því viðmóti sem foreldrar/forráðamenn og börn mæta þegar þeir koma í leikskólann. Starfsfólk er vel kunnugt börnum utan sinna starfsdeilda og þekkir öll börnin í skólanum. Foreldrakönnunin kom mjög vel út og kemur ánægja foreldra þar skýrt fram. Stjórnendur taka fullan þátt í starfinu og þekkja börnin þess vegna vel. Starfsmannakönnunin kom einnig vel út og sést að starfsfólki líður vel og er ánægt í Vinagerði.

Mikið hefur verið gert í að bæta aðbúnað fyrir börnin og eins hefur mikið verið keypt af góðu leikefni og öðrum námsgögnum.



Innleiðing á Leikur að læra hefur tekist vel og er almenn ánægja með það efni og hafa börnin bæði gott og gaman af Leikur að læra stundunum. Þeim hefur farið mikið fram og nýta það sem þau læra utan leikskólans. Á næsta ári verður fylgst betur með framförum og aukið við skráningar sem er vel. Foreldrasamvinna er góð í Vinagerði og mikið lagt upp úr henni og foreldrar velkomnir í skólann. Upplýsingagjöf er góð og skilaboð sýnileg og alltaf auðvelt að nálgast allar upplýsingar. T.d. hvað var í matinn, hvað var gert og hvað börnin vantar að heiman. Dagatal er gefið út fyrir hvern mánuð með því helsta og foreldrar minntir á ferðir með dags fyrirvara. Víkupóstar með fréttum og myndum eru sendir út á öllum deildum á föstudögum og er þeirra beðið með mikilli eftirvæntingu á flestum heimilum. Þetta tengir betur saman skóla og heimili og er mikil ánægja meðal foreldra sem ná að fylgjast mikið betur með starfinu.

Samstarf við Víking og Myndlistaskóla Reykjavíkur hefur gengið vel í vetur og verður áfram. Eins hefur mikil og góð samvinna verið við Breiðagerðisskóla og Frístundaheimilið Sólbúa.

Foreldrafélagið hefur staðið sig vel í vetur en fjölga mætti fulltrúum í því fyrir næsta vetur og eins mættu þau skoða sveitaferð næsta vor.

Við sem sitjum í foreldraráði teljum starfið í Vinagerði vera til fyrirmyndar og er starfsáætlun 2019-2010 í samræmi við það.

F.h. foreldraráðs

Gyða Gunnarsdóttir

Kristín Anna Tryggvadóttir

Stefanía Fanney Jökulsdóttir

F. h. leikskólans Vinagerðis

9.7. 2019 Harpa Ingvadóttir  
Leikskólastjóri Dagsetning





ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S Vinagerði 13 ára	1 Þ Kynning Drekkagerði	1 F Foreldraviðt. Tröllagerði	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M
2 F	2 M Aðlögun barna	2 M Kynning Álfagerði	2 L	2 M Varðeldur og söngur	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ Aðlögun barna	3 F Kynning Tröllagerði	3 S	3 Þ	3 F	3 M Tannverndarvika	3 Þ	3 F Gulur dagur	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M Aðlögun barna	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Fridagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F Aðventukaffi fyrir foreldra. Rauður dagur.	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándagleði Pálinuboð	6 F	6 F Dagur leikskólans Opið hús	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómannadagurinn	7 Þ
8 F Leikskólinn opnar	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M Haustlaukar gróðursettir	11 F Bleikur dagur Skipulagsdagur	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M Aðlögun milli deilda	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ Aðlögun milli deilda	13 F Grænn dagur	13 S	13 M Ömmu og afa kaffi	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 M Aðlögun milli deilda	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ Spiladagur Vinagerðis	14 F	14 L	14 Þ	14 F Útskriftarferð	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M Þjóðhátíðarvika
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru Aðlögun barna	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ Aðlögun barna	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S Blár dagur	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn
18 S	18 M Aðlögun barna	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L Skróðganga
19 M Aðlögun barna	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ Aðlögun barna	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumarsólstöður
21 M Aðlögun barna	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ Barnamenningarhátíð
22 F Skólasetning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M Tjaldavika Útleikjavika
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 M	25 F	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M Vatnsvika
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 F	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 Þ		31 S		31 F